

Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Akureyri, 13. nóvember 2020
UST202003-206/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 22.10.2020, hjá Skeljungi hf., Raufarhöfn.

Þann 22. október sl. fór fram eftirlit í olíubirgðastöð Skeljungs, Raufarhöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlitið en tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Virðingarfyllst,

G. Stella Árnadóttir
Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson
Gottskálf Friðgeirsson

Afrit í tölvupósti:
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Raufarhöfn



Dags eftirlits	22.10.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Bergsteinn Hjörleifsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	636270,877 665926,619

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlitið en tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Skeljungur hefur rekið olíubirgðastöð við Hafnarbraut á Raufarhöfn frá árinu 2012. Engin olía hefur verið í stöðinni frá því árið 2018 og stefnt er að niðurrifi stöðvarinnar. Rekstraraðili á eftir að senda inn áætlun um rekstrarstöðvun og ósk um niðurfellingu starfsleyfis til eftirlitsaðila.

Alls eru í stöðinni þrjú olíugeymar og er heildarrýmd þeirra als 2.213 m³. Allir geymar standa tómir, allar lagnir hafa verið aftengdar og geymar opnaðir.

Olíuheld lekavarnarþró er um geymanna og er frárennsli frá þrónni og áfyllingarplani út í tvær olíuskiljur. Önnur skiljan þjónustar þróna og hin áfyllingarplanið. Lokar að skiljum stóðu lokaðir við eftirlit en bent var á að hreinsa þurfi skiljuna.

Krafa er um skráningar í rekstrarhandbók í stöðinni en þar sem stöðin hefur staðið tóm, þá eru engar skráningar fyrir árið 2019, enda engin starfsemi til staðar.

Gengið var um stöðina og aðstæður skoðaðar. Hlið stóð læst er að var komið og girðingar eru í góðu lagi. Sjá mátti búnað/úrgang ótengdri starfsemi í lekavarnarþrónni og bent á að halda þurfi svæðinu snyrtilegu.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin óhöpp hafa orðið að sögn rekstraraðila enda engin starfsemi í stöðinni.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram er varðar að hreinsa þarf olíuskilju við stöðina. Litið var ofan í skiljuna og sjá mátti olíulag sem þarf að hreinsa.

Ábending er einnig sett fram varðandi uppsöfnun búnaðar/úrgangs er ekki tengist starfsemi, í lekavarnarþró en skv. gr. 4.6 í starfsleyfi skal rekstraraðili halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og tryggja að þar séu engir hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfsemi.

ANNAÐ

Starfsleyfi stöðvarinnar gildir til 31. janúar 2022. Rekstraraðila var bent á að á meðan starfsleyfi er í gildi þá helst starfsemin inn í eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar.

Reykjavík, 13.11.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir